SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HANNIGAN & HORSCH

26. NÓVEMBER 2026
ELDBORG HARPA



VELKOMIN

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKA

TÍMALENGD VERKA:

RICERCAR: 8’
BLOKKFLAUTUKONSERT: 20’
DUMBARTON OAKS: 15’
WHISTLES AND WHISPERS: 15’
SINFÓNÍA: 15’

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1
og verður sjónvarpað að hluta á RÚV 9. desember

Valdar hljómplötur Barböru Hannigan ásamt útgáfum
með hljómsveitinni verða til sölu, í hléi og eftir tónleika,
á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

Reykjavík
Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar
og háskólaráðuneytið
SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK
STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring
BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

HANNIGAN OG HORSCH

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 26. NÓVEMBER 2026

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI
BARBARA HANNIGAN

EINLEIKARI Á BLOKKFLAUTU
LUCIE HORSCH

JOHANN SEBASTIAN BACH / ANTON WEBERN
Ricercar a 6 voci (1747 / 1935)

JOHANN SEBASTIAN BACH
(ÚTS. FRANS BRÜGGEN / LUCIE HORSCH)
Konsert nr. 2 BWV 1053 (um 1738)
- Allegro
- Siciliano
- Allegro

HLÉ

ÍGOR STRAVINSKÍJ
Konsert fyrir hljómsveit í Es-dúr, „Dumbarton Oaks“ (1937–38)
- Tempo giusto
- Allegretto
- Con moto

ERKKI-SVEN TÜÜR
Whistles and Whispers from Uluru (2007)

SERGEJ PROKOFÍEV
Sinfónía nr. 1 í D-dúr, op. 25, „Klassíska sinfónían“ (1916–17)
- Allegro
- Larghetto
- Gavotta: Non troppo allegro
- Molto vivace

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

BARBARA HANNIGAN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Barbara Hannigan tók nú í haust við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún á sér fáa líka og er jafnvíg þegar kemur að hljómsveitarstjórn, söng og dagskrárgerð. Starf hennar er drifið áfram af forvitni, ástríðu, aga, ímyndunarafli og óbilandi trú á því að tónlistin sé ómissandi þáttur lífsins. Eitt aðalsmerki Barböru Hannigan eru efnisskrár sem leiða í ljós óvænt tengsl, þar sem þekkt meistaraverk kallast á við sjaldheyrð verk og tónlist samtímans, eða eins og hún segir:

„Hver efnisskrá er saga, frásögn sem höfðar til áheyrandans og vekur forvitni hans. Það sem heillar mig er, að vegna þess að hver einasta manneskja í salnum upplifir tónlist á sinn eigin hátt, þá munu allir tónleikagestir skynja frásögnina á ólíka vegu og líka ólíkt því sem ég hafði í huga þegar ég setti prógrammið saman. Það er þetta sem er svo spennandi við lifandi tónlistarflutning.“

Í starfinu með Sinfóníuhljómsveit Íslands mun þessi andi uppgötvunar, sem fylgir Barböru Hannigan, móta listræna sýn á grunni vandvirkni, víðsýni og samvinnu og mynda um leið ný tengsl milli Íslands og alþjóðlegs tónlistarlífs.

Barbara hefur unnið náið með mörgum fremstu tónskáldum okkar tíma, frumflutt á annað hundrað ný verk og gjörbreytt því hvernig samtímatónlist getur orkað á bæði flytjendur og áheyrendur. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir listsköpun sína, þar á meðal Grammy- og Gramophone-verðlaun, dönsku Sonning-verðlaunin og hin virtu sænsku Polar-verðlaun. Við það tilefni sagði dómnefnd verðlaunanna að „einstakar tónlistargáfur Hannigan og hugrekki hennar geri hana að einum fremsta túlkanda sígildrar og samtíma tónlistar á okkar dögum“. Hún hefur verið sæmd opinberu

heiðursmerki Kanada (Order of Canada) og er Officier des Arts et des Lettres í Frakklandi.

Barbara Hannigan er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar og Kammersveitarinnar í Lausanne og gestalistamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Lundúna. Hún stjórnar virtustu hljómsveitum heims, þar á meðal Concertgebouw-hljómsveitinni, Cleveland-hljómsveitinni, fílharmóníusveitunum í München og New York, óperuhljómsveitinni á La Scala og Tékknesku fílharmóníunni. Þá gegnir hún prófessorsstöðu sem kennd er við Reinbert de Leeuw í Royal Academy of Music í Lundúnum. Barbara hefur gefið út átta plötur hjá Alpha Classics útgáfunni, nú síðast *An American Dream?* með Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar (2026) sem var tilnefnd til Grammy-verðlauna nýverið. Hljóðritanir hennar hafa hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Diapason d'Or, Edison-verðlaunin og Juno-verðlaunin. Barbara leggur rækt við nýjar kynslóðir tónlistarmanna gegnum verkefnið Equilibrium Young Artists, sem var stofnað 2017. Hún býr í Finistère á norðvesturströnd Frakklands, gegnt æskuslóðum sínum hinum megin Atlantshafsins, Waverley í Nova Scotia.

Barbara Hannigan kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2022 þegar hún heillaði áheyrendur með túlkun sinni á verkum eftir Berg, Schönberg, Ives og Gershwin. „Starfsárið 2026–27 markar ekki einungis skipun mína í nýtt starf, heldur upphaf sameiginlegs ævintýris okkar, listræns ævintýris sem mótast af hugrekki, ímyndunarafli og þeirri sannfæringu að hljómsveit geti í senn staðið vörð um tónlistararfinn og verið öflugt afl til framtíðar.“

LUCIE HORSCH

EINLEIKARI Á BLOKKFLAUTU



Stjarna hollenska blokkflautuleikarans Lucie Horsch hefur risið hratt á undanförnum árum. Árið 2020 varð hún yngsti tónlistarmaðurinn til þess að hljóta Hollensku tónlistarverðlaunin sem eru æðsta viðurkenning menningarmálaráðuneytisins þar í landi og tveimur árum síðar hlaut hún hinn eftirsótta Borletti-Buitoni styrk sem veittur er framúrskarandi ungum tónlistarmönnum. Hún er af tónlistarfólki komin og hóf að leika á blokkflautu aðeins fimm ára gömul. Ellefu ára fékk hún inngöngu í Sweelinck-akademíuna við Tónlistarháskólann í Amsterdam sem ætluð er börnum og unglingum sem hafa einstaka tónlistarhæfileika til að bera. Þar stundaði hún blokkflautunám af kappi hjá Walter van Hauwe en lauk einnig meistaranámi í söng og píanóleik.

Lucie Horsch hefur þegar komið fram í öllum helstu tónleikasölum Evrópu og leikið einleik með hljómsveitum eins og Concertgebouw-sveitinni í Amsterdam, Tonhalle-sveitinni í Zürich, Academy of Ancient Music og Orkest van de Achttiende Eeuw. Meðal samverkamanna hennar eru Ton Koopman, Thomas Dunford, Justin Taylor, Olga Paschchenko, Rachel Podger og Anastasia Kobekina.

Fyrsta hljómplata Lucie kom út árið 2016 hjá Decca Classics og var helguð verkum eftir Vivaldi. Á *Baroque Journey* frá 2019 leikur Lucie með Academy of Ancient Music undir stjórn Thomasar Dunford og vann sú plata til hinna virtu Opus Klassik verðlauna í Þýskalandi. Á þriðju plötunni, Origins (2022), leitar Lucie fanga í þjóðlagatónlist nær og fjær sem hún teflir á móti verkum 20. aldar tónskálda eins og Bartók, Debussy, Stravinskíj, Piazzolla og Charlie Parker. Tveimur árum síðar gerði hún plötuna *The Frans Brüggen Project* með Orkest van de Achttiende Eeuw, sveitinni sem Brüggen stofnaði, þar sem þau flytja meðal annars Bach-konsertinn sem hljómar á tónleikunum í kvöld. Í liðnum mánuði kom svo platan *Duologues*; þar má heyra þær Lucie Horsch og Rachel Podger leika verk eftir Carl Philipp Emanuel Bach og Georg Friedrich Telemann.

Lucie Horsch og Barbara Hannigan koma fram á kammertónleikunum *Heimshorna á milli*, sem haldnir verða nk. laugardag í Norðurljósum. Þar munu þær meðal annars flytja þjóðlög frá ýmsum löndum.

JOHANN SEBASTIAN BACH / ANTON WEBERN

RICERCAR A 6 VOCI



Upphafsverk tónleikanna er umritun Antons Webern (1883–1945) á fúgu (*ricercar*) úr *Tónafórn* Johanns Sebastians Bach (1685–1750). *Tónafórnina* færði Bach Friðriki 2. Prússakonungi sumarið 1747. Tildrögin voru þau að konungur boðaði Bach á sinn fund, lék fyrir hann stutt stef og skoraði á hann að færa það í fúguform. Ekki stóð á Bach sem snaraði umsvifalaust fram þriggja radda fúgu á hljómborðið. Konungur óskaði þá eftir sex radda fúgu en tónskáldið sagðist þurfa ögn meira ráðrúm til þess að koma henni saman og lofaði að senda konungi slíkt verk á pappír. Bach lét ekki sitja við orðin tóm heldur fór heim til Leipzig og skrifaði út þriggja og sex radda fúgu ásamt tríósónötu og nokkrum keðjusöngvum — allt út frá stefinu konunglega — og sendi Friðriki undir yfirskriftinni *Regis Iussu Cantio Et Reliqua Canonica Arte Resoluta* (Lagið og tilheyrandi útlagt með list keðjusöngs að boði konungs). Upphafsstafir orðanna mynda orðið *ricercar* sem var á endurreisnartímanum haft um fyrirrennara fúgunnar.

TÓNLISTIN OG SÍ
Verk eftir Anton Webern heyrðist fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í janúar 1964 þegar sveitin flutti Sinfóníu op. 21 undir stjórn Gunthers Schuller. *Fimm þættir fyrir strengjasveit* op. 5 hljómuðu í flutningi SÍ og þátttakenda í Zukofsky-námskeiði 1981 á tónleikum í september það ár sem Paul Zukofsky stjórnaði. Í desember 1988 lék hljómsveitin *Passacagliu* op. 1 undir stjórn Petri Sakari og verkið var aftur á dagskrá tæpum 30 árum síðar þegar Yan Pascal Tortelier hélt um tónsprotann. Petri Sakari stjórnaði einnig flutningi *Sex laga fyrir hljómsveit* op. 6 á tónleikum SÍ í Borgarleikhúsinu í nóvember 1989. Loks má nefna að Sif Tulinius og Anna Guðný Guðmundsdóttir léku *Fjóra þætti fyrir fiðlu og píanó* eftir Webern á Föstudagstónleikum SÍ í Norðurljósum í maí 2016. *Ricercar a 6* hefur ekki áður ratað á efnisskrá hljómsveitarinnar.

Það var sex radda fúgan úr *Tónafórninni* sem Anton Webern tók til kostanna tæpum tveimur öldum síðar. Bach samdi hana fyrir sembal en Webern setur hana út fyrir hljómsveit: strengi, tré- og málmblásara, hörpu og pákur. Það er líkt og hann hafi tekið fúguna í sundur, málað hvern einasta frasa í sérstökum lit og sett hana svo saman aftur. Blæbrigðunum nær Webern fram með hinum ólíku hljóðfærum, en líka með því að láta hljóðfæraleikarana stundum nota dempara, auk þess sem strengjahljóðfærin leika ýmist saman eða stök og strengirnir eru ýmist stroknir eða plokkaðir. Hið konunglega stef hljómar fyrst hjá málmblásurunum sem skipta tónum þess á milli sín áður en þeir gefa boltann á flautuna, sem svo sendir hann áfram á klarínett og óbó á meðan strengirnir taka til við mótleik. Þannig gengur þetta dásamlega spil, allt þar til öll hljóðfærin koma saman í voldugum endapunkti.

JOHANN SEBASTIAN BACH

KONSERT NR. 2 BWV 1053



TÓNLISTIN OG SÍ
Konsertinn hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Konsert nr. 2, BWV 1053, er eitt af þeim glæsiverkum fyrir einleikara og hljómsveit sem Johann Sebastian Bach (1685–1750) samdi í Leipzig á síðasta skeiði ævi sinnar, ekki löngu áður en hann færði Friðriki 2. *Tónafórnina.* Bach var forsprakki tónlistarfélagsins *Collegium musicum*, sem hélt vikulega tónleika á einu stærsta kaffihúsinu í borginni, og vitaskuld meðal þeirra sem sáu félaginu fyrir tónsmíðum til flutnings. Það var á þessum vettvangi sem margir konsertar Bachs hljómuðu fyrst, þar á meðal Brandenborgarkonsertarnir. Þó hafði tónlistin stundum heyrst áður í annarri mynd, því það var alsiða að tónskáld endurnýttu tónhugmyndir og jafnvel kafla úr verkum. Konsert nr. 2 byggði Bach þannig að nokkru leyti á efni úr tveimur kantötum sem hann hafði áður samið til flutnings í Tómasarkirkjunni. Miðkaflinn, hið undurfallega Siciliano, er til að mynda að uppistöðu alt-aría úr kantötunni *Gott soll allein mein Herze haben.* Útþættirnir tveir eru kröftugar *ritornello*-smíðar þar sem upphafsstef snýr aftur í nýrri og nýrri tóntegund á milli þess sem einleikarinn leikur listir sínar.

Í eiginhandarriti Bachs frá 1738 eða 1739 er konsertinn skrifaður út fyrir sembal en það er ekki víst að tónskáldið hafi alltaf ætlað því hljóðfæri einleikshlutverkið. Konsertinn hefur enda verið leikinn á ýmis önnur hljóðfæri í tímans rás, svo sem óbó, fiðlu, trompet og gítar. Í kvöld hljómar hann í útsetningu fyrir blokkflautu sem hollenski flautuleikarinn og barokkfrömuðurinn Frans Brüggen (1934–2014) gerði, með breytingum Lucie Horsch sjálfrar. Brüggen var sjálfur virtúós á blokkflautuna og mikilvægur þátttakandi í þeirri endurskoðun á flutningsmáta barokktónlistar sem hófst á síðari hluta síðustu aldar, ekki síst með hljómsveit sinni sem hann kenndi við átjándu öldina, Orkest van de Achttiende Eeuw.

ÍGOR STRAVINSKÍJ

DUMBARTON OAKS



TÓNLISTIN OG SÍ
Sinfóníuhljómsveit Íslands lék *Dumbarton Oaks* í fyrsta sinn haustið 1983, á tónleikum í Háskólabíói sem Klauspeter Seibel stjórnaði. Verkið hefur hljómað tvisvar síðan í meðförum sveitarinnar. Annars vegar vorið 2009, þegar Daníel Bjarnason hélt um tónsprotann, og svo í Eldborg í febrúar 2017 undir stjórn Matthews Halls.

Það liggur beinn þráður frá Bach til *Dumbarton Oaks*, konserts fyrir kammersveit eftir Ígor Stravinskíj (1882–1971) — tónskáldið lét þess beinlínis getið að konsertinn væri saminn að fyrirmynd Brandenborgarkonsertanna. Þegar Stravinskíj hóf að semja verkið árið 1937 hafði hann lengi verið talsvert upptekinn af tónhugmyndum og stíl fyrri alda og skrifað allmörg verk sem skírskota til eldri tónsmíða. Þar á meðal eru ballettinn *Pulcinella,* sem byggður er á ítalskri barokktónlist, og píanókonsert og fiðlukonsert sem báðir eru felldir að formi sem fengið er frá barokkinu þótt tónmál og útfærsla sé nútímaleg. Slíkt á líka við um *Dumbarton Oaks* sem skiptist í þrjá kafla sem leiknir eru í samfellu; útþættirnir tveir eru hraðir og millikaflinn hægari. Konsertinn er saminn fyrir 15 hljóðfæri: flautu, klarínett, fagott, tvö horn og strengi. Hér er ekkert eitt einleikshljóðfæri heldur fá þau öll að njóta sín í tærri hljómsveitarútsetningu Stravinskíjs sem byggir mjög á hinni öldnu aðferð, kontrapunkti. Hann stefnir röddum hinna ólíku hljóðfæra saman á listilegan hátt sem er nútímalegur en vísar í ströngu formi sínu mjög aftur til barokktímans. Þannig má segja að Stravinskíj spegli sig í Bach en báðir haldi hlut sínum fyrir hinum.

Konsertinn dregur nafn sitt af Dumbarton Oaks setrinu í Georgetown í Washington D.C. Þar bjuggu hjónin Mildred og Robert Woods Bliss sem pöntuðu verkið af Stravinskíj — fyrir milligöngu Nadiu Boulanger — í tilefni af þrjátíu ára brúðkaupsafmæli sínu og þar var konsertinn frumfluttur í maí 1938. Stravinskíj lá þá á sjúkrahúsi svo það kom í hlut Boulanger að stjórna flutningnum en verkið hljómaði síðan í fyrsta sinn opinberlega í París nokkrum vikum síðar undir stjórn tónskáldsins sjálfs.

ERKKI-SVEN TÜÜR

WHISTLES AND WHISPERS FROM ULURU



TÓNLISTIN OG SÍ
Tónskáldið Erkki-Sven Tüür er sérstakur gestur á tónleikum kvöldsins. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur aðeins einu sinni áður flutt verk eftir hann. Það var sinfónía nr. 3 sem flutt var í Háskólabíói í september 2003 undir stjórn Olari Elts.

Eistinn Erkki-Sven Tüür (f. 1959) fæddist á Hiiumaa, stórri eyju í Eystrasaltinu undan vesturströnd Eistlands, sem heitir Dagey á norrænum tungum. Hann stundaði tónlistarnám í Tallinn og leiddi á námsárunum einnig rokkhljómsveitina In Spe sem naut mikilla vinsælda í heimalandinu. Tüür sagði þó skilið við rokkið til þess að geta einbeitt sér að tónsmíðum og er nú eitt þekktasta tónskáld Eistlands. Eftir hann liggja meðal annars tíu sinfóníur, einleikskonsertar fyrir ýmis hljóðfæri, kammertónlist, kórverk og óperan *Wallenberg.*

Whistles and Whispers from Uluru var pantað af Áströlsku kammersveitinni fyrir blokkflautuleikarann Genevieve Lacey. Tüür tileinkar það Anangu-þjóðinni, frumbyggjum í Ástralíu, en Uluru er stakstætt sandsteinsfell í miðju landinu og helgur staður Anangu. Tüür vann að verkinu í sumarhúsi sínu á Dagey og hefur þetta að segja um tilurð þess:

„Það var vor. Loftið ómaði af fuglasöng og tré og runnar klæddust skærgrænni hulu. En ég var með hugann við hið dularfulla Uluru í miðri eyðimörkinni og í vitund minni blandaðist sú sýn þessu norræna landslagi sem umlukti mig. Þessar ólíku myndir voru alltaf með mér til skiptis, ekki á einhvern reglubundinn hátt heldur með birtubrigðum og síbreytilegu umhverfi. Þess vegna ákvað ég að gefa verkinu þennan sérkennilega titil, *Whistles and Whispers from Uluru* (Blístur og hvísl frá Uluru). Það hefst á háu nótunum, einleikarinn spilar kvik fuglasöngsmótíf á sópranínóflautu á meðan hljómsveitin býr til fíngerðan hljómvef þar sem hvert hljóðfæri á sína rödd. Þannig skynjum við samtímis hraða tónlist og hægferðuga. Örtónbil gegna mikilvægu hlutverki í hljómsetningu upphafskaflans. Eftir því sem líður á verkið kemur neðra tónsviðið meira til sögunnar. Hljómsveitin leikur af meiri ákafa, einleikarinn skiptir um hljóðfæri, fyrst yfir á sópranflautu, síðan altflautu og þannig koll af kolli og örfjölröddun (*micropolyphony*) bregður fyrir. Í síðasta hlutanum verður verkið rytmískara; einleikarinn og hljómsveitin ná nú saman á líflegan hátt í ‚músíkölskum tíma' eftir að hafa verið í mismunandi tímabeltum, ef svo má að orði komast."

SERGEJ PROKOFÍEV

KLASSÍSKA SINFÓNÍAN



TÓNLISTIN OG SÍ
Klassíska sinfónía Prokofíevs hljómaði fremur oft á tónleikum SÍ á árum áður. Victor Urbancic stjórnaði fyrsta flutningi hennar á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1951 og síðan hefur hún ratað yfir 20 sinnum á dagskrá hljómsveitarinnar, m.a. undir stjórn Vladimirs Ashkenazy (1973 og 1974), Jean-Pierres Jacquillat (1984) og Keri-Lynn Wilson (1997). Sinfónían hefur hljómað tvisvar áður í heimkynnum hljómsveitarinnar í Eldborg: árið 2016 þegar Gennadíj Rostdestvenskíj hélt um sprotann og 2024 undir stjórn Kornilios Michailidis.

Árið 1917 ólgaði Rússland af pólitískri spennu og átökum, ekki síst í Petrograd (nú Sankti Pétursborg), heimaborg Sergejs Prokofíev (1891–1953). Þar sauð uppúr í febrúar með verkföllum og mótmælum og eftir nokkurra mánaða millibilsástand undir bráðabirgðastjórn náðu bolsévikar að koma fram byltingu síðla hausts. Á þessari stormasömu tíð dvaldist Prokofíev að mestu utan borgarinnar og fór hamförum í tónsmíðum enda þótt áætlaður flutningur verkanna lenti iðulega í útideyfu vegna þjóðfélagsástandsins. Meðal þeirra tónsmíða sem hann lauk við á þessum mánuðum eru verk jafn ólíkrar gerðar og *Visions fugitives* fyrir píanó, kantatan *Sjö, þau eru sjö!* og svo fyrri fiðlukonsertinn og fyrsta sinfónían. Þau síðasttöldu teljast til nýklassískra verka Prokofíevs og heitið *Klassíska sinfónían* er frá honum sjálfum komið. Hann hafði einsett sér að semja sinfóníu í stíl Josephs Haydn eins og hann lýsti síðar: „Ef Haydn hefði lifað fram á okkar daga, hugsaði ég með mér, þá hefði hann haldið sínum tónsmíðastíl en jafnframt orðið fyrir áhrifum af ýmsum nýjungum. Þannig sinfóníu langaði mig að semja: sinfóníu í klassískum stíl.“

Sinfónían, sem er í hinum bjarta D-dúr, er styst en jafnframt ástsælust af öllum sinfóníum Prokofíevs. Hún er skrifuð fyrir fremur litla hljómsveit eins og þær tíðkuðust á 18. öld og er í hefðbundnum fjórum þáttum, þó með þeirri undantekningu að þriðji þátturinn er ekki menúett, eins og venja var, heldur örstutt gavotta með sveitalegan sjarma. Í verkinu fylgir Prokofíev að verulegu leyti venjum klassíska tímans um kynningu, úrvinnslu og ítrekun stefja en kemur okkur þó stundum á óvart, til dæmis í tóntegundaskiptum, eins og til að minna á sinn eigin tíma. Útþættirnir geisla af fjöri og kalla á virtúósískt spil af hálfu hljómsveitarinnar á meðan hinn hægi annar þáttur sýnir lýríska gáfu tónskáldsins í allri sinni dýrð.

Svanhildur Óskarsdóttir

Á DÖFINNI MEÐ BARBÖRU HANNIGAN

HEIMSHORNA Á MILLI

LAUGARDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 14:00

Barbara Hannigan, blokkflautusnillingurinn Lucie Horsch og hópur hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands bjóða tónleikagestum í spennandi óvissuferð þar sem þjóð- og dægurtónlist frá ólíkum heimshornum er borin fram.



PRÓMEÞEIFUR

FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR KL. 19:30

Fornar goðsagnir og dulúð einkenna þessa tónleika undir stjórn Barböru Hannigan, sem jafnframt syngur tónaljóðið *Luonnotar* eftir Sibelius. Staðarlistamaðurinn Bertrand Chamayou leikur einleik í *Ljóði eldsins* eftir Skrjabín og Rafael Adobas Bayog flytur *Syrinx* eftir Debussy. Einnig hljóma verk eftir George Crumb og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur.



HANNIGAN & CHAMAYOU

LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR KL. 17:00

Barbara Hannigan og Bertrand Chamayou bjóða til söngtónleika í Norðurljósum með verkum eftir Messiaen, Skrjabín og John Zorn sem sækja innblástur í náttúruna og fornar goðsagnir. Tónleikarnir hafa farið sigurför um heiminn og voru valdir meðal bestu tónleika ársins 2024 í New York af New York Times.



Á DÖFINNI

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

12. & 13. DESEMBER KL. 14:00 & 16:00



Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru hátíðarstund fyrir alla fjölskylduna. Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar, einsöngvarar og kórar flytja sígildar jólaperlur og klassísk ævintýri. Maxímús Músíkús og trúðurinn Barbara koma að sjálfsögðu við sögu. Tónleikarnir eru um klukkustund að lengd og túlkaðir á táknmáli.

VÍNARTÓNLEIKAR

7. & 8. JANÚAR KL. 19:30
9. JANÚAR KL. 16:00 & 19:30



Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið meðal vinsælustu tónleika hljómsveitarinnar. Að vanda hljóma valsar, polkar og önnur sígild Vínartónlist. Harpa Ósk Björnsdóttir og Eggert Reginn Kjartansson flytja aríur og dúetta úr vinsælum óperettum og samkvæmisdansarar stíga á svið í Eldborg.

FRÁ NÝJA HEIMINUM

FIMMTUDAGUR 14. JANÚAR KL. 19:30



Tónleikarnir hefjast á frumflutningi *Djúpsins – Sálumessu,* síðasta hljómsveitarverks Hjálmars H. Ragnarssonar. Þá snýr fiðlusnillingurinn Isabelle Faust aftur á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur nýjan fiðlukonsert eftir Philippe Manoury. Olari Elts stjórnar tónleikunum sem lýkur með hinni ástsælu sinfóníu Dvořáks, *Frá nýja heiminum.*

SÖNGBÓK GUNNA ÞÓRÐAR



Nokkrir af okkar fremstu söngvurum stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands á einstökum tónleikum þar sem fluttar verða helstu dægurperlur Gunnars Þórðarsonar sem hafa öðlast sérstakan sess í hugum og hjörtum Íslendinga. Má þar nefna *Þitt fyrsta bros, Vetrarsól, Þú og ég, Bláu augun þín* og fleiri ógleymanleg lög meistarans.

Óhætt er að lofa tilfinningaþrungnum og kröftugum tónleikum með úrvalsliði listamanna.

Aukatónleikar komnir í sölu.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

21. & 22. JANÚAR KL. 20
ELDBORG HARPA

ÁRNÝ MARGRÉT
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR
JÓN JÓNSSON
KATRÍN HALLDÓRA
PÁLL ÓSKAR
RAGNHEIÐUR GRÖNDAL
VALDIMAR GUÐMUNDSSON
SÖNGVARAR

HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

MIÐASALA Á SINFONIA.IS, Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA
Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA
Pétur Björnsson
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Justyna Bidler
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir

VÍÓLA
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Sigrún Mary McCormick
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson

SELLÓ
Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI
Xun Yang
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

FLAUTA
Rafael Adobas
Caterina Compagno

ÓBÓ
Armand Djikoloum
Matthías Nardeau

KLARÍNETT
Tomer Ornan
Grímur Helgason

FAGOTT
Bryndís Þórsdóttir
Sabina Aran Clota

HORN
Paul Pitzek
Jason Friedman

TROMPET
Zach Silberschlag
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA
Sigurður Þorbergsson

HARPA
Katie Buckley

SEMBALL
Halldór Bjarki Arnarson

PÁKUR
Ginevra Palo

RAFHLJÓÐ
Jesper Pedersen

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI BARBARA HANNIGAN

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI
Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Valgerður Rúnarsdóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Daníel Bjarnason
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfdánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

AÐVENTU-TÓNLEIKAR



3. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

MATTHEW HALLS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

GEIRÞRÚÐUR ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
EINLEIKARI SELLÓ

Það er fátt sem dregur betur fram eftirvæntingu aðventunnar en hlýleg tónlist klassíska tímabilsins. Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir leikur einleik í léttleikandi D-dúr sellókonserti Haydns, en konsertar hans fyrir hljóðfærið ná alltaf að heilla áheyrendur.

Úr óperu Mozarts um Idomeneo drottningu kemur þokkafull balletttónlist sem er vinsæl ein og sér í tónleikasölum heimsins. Þá hljómar einnig hin svokallaða Linz sinfónía Mozarts sem kennd er við borgina austurrísku undir stjórn Matthew Halls.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050 WWW.SINFONIA.IS